

# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

## milli umhverfisráðuneytis og Náttúrufræðistofnunar Íslands

### I. Tilgangur

Í samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfisráðuneytis og Náttúrufræðistofnunar Íslands við framkvæmd á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Með áætlunum sem samkomulagið kveður á um er mótuð stefna til næstu ára. Þessar áætlanir eru stefnumörkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá felur stjórnvaldsábyrgð ráðherra í sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

### II. Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 60 frá 1. júní 1992.

#### Helstu verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt lögnum eru:

- Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands
- Að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru
- Að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta
- Að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings
- Að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og meta verndargildi vistkerfa og náttúruminja
- Að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla, meta ástand þeirra og ráðleggja um vernd og veiðar
- Að sjá um fuglamerkingar.
- Að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum
- Að skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnum hætti

Hlutverki Náttúrufræðistofnunar er auk þess lýst í ýmsum örðum lögum svo sem:

- Lögum um náttúruvernd nr. 44/1999
- Lögum um friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994
- Lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997
- Lögum um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996
- Lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995
- Lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998
- Lögum um innflutning dýra nr. 54/1990

- Safnalögum nr. 106/2001
- Lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007
- Lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu nr. 85/2000
- Lögum um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001

### III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Náttúrufræðistofnunar eru skilgreind í fylgiskjali sem nefnist „**Rannsókn- og fræðslustefna Náttúrufræðistofnunar Íslands 2008 - 2012**” og er hluti af samningi þessum. Einnig er meðfylgjandi fylgiskjal sem nefnist „**Verkefnaáætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands 2011**”. Þar eru tilgreind helstu verkefni stofnunarinnar sem unnið verður að árið 2011 ásamt mælikvörðum til að meta árangur þeirra. Verkefnaáætlunin mun taka breytingum á hverju ári í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna og fjármögnun verkefnanna.

### IV. Ábyrgð og skyldur Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum. Fjármálastjórn Náttúrufræðistofnunar skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Náttúrufræðistofnun hagar rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir nýttir á árangursríkan hátt.

Náttúrufræðistofnun gerir áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

Náttúrufræðistofnun skal 1. desember ár hvert skila umhverfisráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun fyrir komandi ár og verkefnaáætlun þar sem tiltekin eru markmið og mælikvarðar innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Stofnunin skal í upphafi árs skila umhverfisráðuneytinu skýrslu um niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og gera þar grein fyrir hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár. Í skýrslunni skal setja fram mat á starfsemi í heild og veita heildstæða mynd af árangri.

Stefna Náttúrufræðistofnunar er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli karla og kvenna og að hver starfsmaður sé metinn að eigin verðleikum óháð aldri, kynferði, kynhneigð, kynþætti, þjóðerni, fötlun, trúar- eða stjórnmálaskoðunum. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

### V. Ábyrgð og skyldur ráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið skal upplýsa Náttúrufræðistofnun tímanlega um fyrirhuguð nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað ráðuneytinu skýrslu um niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs.

Stefnt skal að því að halda árlega sérstakan fund með forstjóra Náttúrufræðistofnunar um málefni sem varða forstjóra sérstaklega.

#### VI. Gagnkvæmar skyldur

Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.


Stefnt skal að því að halda samráðsfundi ráðuneytis og stofnunar tvisvar á ári. Dagskrá fundanna sé ákveðin í samvinnu aðila.


#### VII. Gildistími og endurskoðun samnings

Samningurinn tekur gildi við undirritun. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 21. desember 2010.

  
Svandís Svavarsdóttir  
umhverfisráðherra

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri